

reyna fjárnám hjá Páli Eyjólfssyni (sbr. L. 5—7—8 og 5—7—17).

Samkvæmt því, sem þannig er sagt, ber að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgjörð og uppboðsrjettarúrskurð, og ber áfrýjanda eptir málavöxtum að greiða hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinni áfrýjuðu fjárnámsgjörð og uppboðsrjettarúrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, Eyjólfur Eyjólfsson, greiði hinum stefnda, Þorláki Guðmundssyni, í málskostnað fyrir yfirdómi 15 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 15. nóvembermán.

Nr. 52/1880

Rjettvísín

gegn

Eiríki Alexíussyni

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp fyrir aukarjetti Reykjavíkurkaupstaðar 9. dag aprílmán. þ. á., var Eiríkur Alexíusson, vinnumaður í Hólakoti hjer í bænum, dæmdur fyrir illa meðferð á tryppi í 20 kr. sekt til landssjóðs, eða til einfalds fangelsis í 6 daga, væri sektin eigi greidd í ákveðinn tíma, svo og til að lúka öllum kostnaði af málinu, þar með talin varnarlaun til talsmanns hans í hjeraði, 6 krónur.

Þessum dómi hefur amtmaðurinn í suðuramtinu rjettvísinnar vegna skotið til yfirdómsins.

Mál þetta er svo til komið, að hinn ákærði litlu fyrir jól 1879 fjekk tryppi ofan úr sveit, er hann hafði tekið upp í skuld. Tryppið var þá mjög magurt. Ákærði ljét síðan tryppið ganga í fjörunni á daginn, en gaf því jafnframt bæði hey og korn og ýmislegt annað, og hýsti hann það á nóttunni. Um miðjan febrúarmánuð þ. á., var tryppið að tilhlutun lögreglustjóra skoðað, og reyndist það þá mjög magurt, án þess þó að neytt sje fram komið í málinu, er bendi til, að það hafi horast enn meira hjá hinum ákærða. Það er nú að vísu svo, að hinn ákærði virðist ekki að hafa gefið tryppinu svo mikið, að nóg væri til þess að það lifnaði, enda þarf, eins og alkunnugt er, bezta eldi til þess, að hestur, sem kominn er í hor, taki bata, en það virðist þó ekki, að meðferð hans á tryppinu hafi verið svo ill, eins og gjört er ráð fyrir í 299. gr. almennra hegningarlaga, eða að hún hafi verið grimdarfull og miskunarlaus, og því síður hefur hann orðið brotlegur í þrælslegri misþyrmingu á því.

Það ber því að dæma hinn ákærða sýknan af ákæru sóknarans í þessu máli, og að greiða allan kostnað af því, þar með talin málflytningslaun til verjanda í hjeradi og við yfirdóminn, 16 kr., og til hins skipaða sóknara við yfirdóminn, 10 kr., úr opinberum sjóði.

Rekstur málsins í hjeradi hefur verið vítalaus, og sókn og vörn þess við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði, Eiríkur Alexíusson, á að vera sýkn af ákæru sóknarans í þessu máli. Allur af málinu löglega leiðandi kostnaður, þar með talin málflytningslaun til hins skipaða verjanda í hjeradi og fyrir yfirdómi, málflytningsmanns P. Melsteðs, 16 kr., og til sóknara við yfirdóminn, landritara

Jóns Jónssonar, 10 kr., greiðist úr opinberum sjóði.

Mánudaginn 29. nóvembermán.

Nr. 55/1880

Rjettvísín

gegn

Stýrimanni Mauritz Chr. Hansen  
og skipstjóra Haraldi Lauritz  
Hansen frá Svendborg

Dómur:

Með aukarjettardómi Ísafjardarkaupstaðar, gengnum á Ísafirði 19. dag ágústmán. þ. á., voru þeir stýrimaður Mauritz Chr. Hansen og skipstjóri Harald Lauritz Hansen, báðir á skipinu «Hansine», dæmdir fyrir þjófnað, hinn fyr nefndi til fangelsis við vatn og brauð í 3×5 daga, en hinn síðar nefndi til fangelsis við venjulegt fangaviðurværi í 10 daga; svo eru þeir og skyldaðir til einn fyrir báða og báðir fyrir einn að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Þessum dómi er eptir beiðni hinna ákærðu og af hálfu hins opinbera skotið til yfirdómsins.

Það er sannað með eigin játningu hins ákærða, Mauritz Chr. Hansens, stýrimanns á skipinu Hansine, sem í sumar, er leið, færði vörur til kaupmanns L. A. Snorrasonar á Ísafirði, að hann hafi, bæði áður en skipið lagði á stað frá Kaupmannaböfn, á meðan það var á leiðinni til Íslands, og eptir að það var komið til Ísafjarðar, stolið ýmsu af farminum úr lestinni, svo sem: öli, kartöflum, kaffibaunum, hrísgrjónum, steinolíu og 2 tveggjapundafærum. Nokkuð af steinolíunni brúkaði hann til þess að bleyta í henni pensla, nokkuð af henni ljet hann saman við skipsforðann, og svo gjörði hann við flest hitt, er hann stal; færin geymdi hann